

Fimmtudaginn 23. maí 1996.

Nr. 181/1995.

Landvélar hf.

(Hákon Árnason hrl.)

gegn

Valgeiri Sigurgeirssyni

(Jóhann Þórðarson hrl.)

og gagnsök

Skaðabætur. Vinnuslys.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson og Sigurður Líndal, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 29. maí 1995 að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Hann krefst aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að sök verði skipt, dæmdar bætur lækkaðar og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti felldur niður.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. ágúst 1995. Hann krefst þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 1.090.602 krónur auk vaxta samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 af 818.502 krónum frá 9. mars 1992 til 7. febrúar 1994, en dráttarvaxta eftir sömu lögum frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst gagnáfrýjandi greiðslu á 818.502 krónum með vöxtum, eins og að framan greinir. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Gagnáfrýjandi var 31 árs að aldri, þegar hann varð fyrir slysi því, sem málið er rísið af. Samstarfsmaður hans, Guðmundur Einarsson, aðstoðaði hann í umrætt sinn, og voru þeir tveir einir að verki. Gagnáfrýjandi lýsir atvikum svo, að þeir Guðmundur hafi verið að flytja vörubretti með dælusamstæðu út fyrir verkstæði aðaláfrýjanda. Vörubrettið fluttu þeir á handvagni. Gagnáfrýjandi segir, að annar endi dælusamstæðunnar hafi hrokkið út af brettinu. Hafi þeir þá lyft undir fremri enda hennar og verið að hnika henni til, þegar

eitthvað fór úrskeiðis, svo að hún féll niður. Varð litli fingur hægri handar gagnáfrýjanda undir henni. Ekki er ljóst, hversu þung dælusamstæðan var, en fyrrnefndur samverkamaður gagnáfrýjanda ber, að þeir tveir hafi ekki getað lyft henni allri upp.

II.

Þótt fallast megi á það með héraðsdómara, að meiri hættu sé á, að hlutur sem þessi raskist við flutning yfir þröskuld á handvagni á litlum og hörðum hjólum en vélknúnum lyftara með stórum og mjúkum gúmmíhjólum, verður ekki talið, að slysið verði rakið til þess, að lyftari var ekki notaður við flutninginn. Samkvæmt gögnum málsins virðist orsök slyssins einkum hafa verið sú, að gagnáfrýjandi og samstarfsmaður hans voru að reyna að lyfta undir þungan hlut, sem þeir réðu illa við. Við þetta notuðu þeir engin verkfæri og kölluðu ekki menn til aðstoðar, sem þó hefði verið unnt.

Gagnáfrýjandi skýrir svo frá, að þeir tveir hafi oft farið með þunga hluti og talið, „að þetta væri í lagi“. Eftir skýrslum, sem gefnar voru fyrir dómi, var verkstjóri ekki með í ráðum, þegar gagnáfrýjandi og félagi hans hófust handa um umræddan flutning.

Verkið, sem slysið hlaut af, er einfalt. Verður að telja, að það hafi verið á færi gagnáfrýjanda, sem var vélvirki með nokkra starfsreynslu, að meta, hvort varlegt var að reyna að lyfta undir dælusamstæðuna með þeim hætti, sem gert var. Þykir ekki óeðlilegt, að gagnáfrýjandi og samstarfsmaður hans hafi tekið ákvörðun um vinnubrögð án þess að leita til verkstjóra. Ekkert er komið fram um, að verkstjóri hafi vanrækt eftirlitsskyldu sína.

Af lýsingu gagnáfrýjanda og samstarfsmanns hans verður ekki ráðið, að hinum síðarnefnda verði kennt um slysið. Þá þykir slysið sjálft ekki verða rakið til vanbúnaðar.

Verður því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda, en málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti þykir mega fella niður.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Landvélar hf., skal vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Valgeirs Sigurgeirssonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 20. desember 1994.

Stefnandi þessa máls er Valgeir Sigurgeirsson, kt. 230361-2159, Rauðási 23, Reykjavík. Stefnt er Landvélum hf., kt. 420269-3159, Smiðjuvegi 66, Kópavogi, og til réttargæslu Vátryggingafélagi Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, Reykjavík.

Stefna var út gefin 23. júní 1994 og málið höfðað með birtingu hennar fyrir stefndu sama dag og fyrir réttargæslustefnda 26. júní. Það var þingfest 28. júní og tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð 5. desember sl.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi, Landvélar hf., greiði sér skaðabætur, að fjárhæð 818.502 kr., auk vaxta skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 9. mars 1992 til 7. febrúar 1994, en dráttarvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnandi krefst málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins auk virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Stefnandi gerir ekki kröfur á hendur réttargæslustefnda.

Stefndi, Landvélar hf., krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér dæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins, en til vara, að sök verði skipt í málinu, stefnukröfur stórlækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Af hálfu réttargæslustefnda, Vátryggingafélags Íslands hf., eru ekki gerðar sjálfstæðar dómkröfur.

Málsatvik.

Stefnandi er vélvirki. Hann er starfsmaður stefnda, Landvéla hf., og hafði starfað hjá honum í tvö ár, þegar hann slasaðist við vinnu sína á renniverkstæði stefnda við Smiðjuveg 66, Kópavogi, mánudaginn 9. mars 1992. Hann var þá ásamt öðrum starfsmanni stefnda, Guðmundi Einarssyni, að flytja þunga dælu út úr verkstæðinu. Ekki er nákvæmlega upplýst, hve þung dælan var. Í stefnu segir, að hún hafi verið um 200 kg, en í greinargerð stefnda segir, að hún hafi verið 160 til 210 kg á þyngd. Dælan sjálf ásamt rafmótor var í járnkassa, sem stóð á fjórum fótum á vörubretti (pallettu). Brúnir kassans að neðan voru skarpar. Við flutninginn var notaður handlyftari, svokölluð hjólatrilla. Til þess að koma hjólatrillunni með dælunni á út úr húsinu þurfti að fara yfir þröskuld við útidyr. Þröskuldur þessi er stálkantur, rúmlega 4 cm á hæð, þver að innanverðu. Við þröskuldinn rann dælan út af brettinu öðrum megin. Var stefnandi og samstarfsmaður hans að koma henni aftur upp á brettið með handaflí, þegar eitt horn hennar féll á fingur stefnanda og tók framan af litla fingri hægri handar fremstu kjúku. Stefnandi var strax fluttur á slysadeild og Vinnueftirliti ríkisins tilkynnt um slysið.

Stefnandi þurfti vegna slyssins að gangast undir tvær aðgerðir á fingrinum, hina fyrri eftir slysið og hina síðari 1. september 1992. Hann var óvinnufær vegna slyssins frá slysdegi til 6. apríl og frá 1. til 21. september 1992. Á þeim tíma hélt hann launum sínum óskertum.

Björn Öundurson læknir mat örorku stefnanda þannig: í sjö vikur 100%, í tvær vikur 50%, varanleg örorka 2%. Á grundvelli örorkumatsins reiknaði Jón E. Þorláksson tryggingastærðfræðingur út örorkutjón stefnanda á slysdegi. Urðu niðurstöður hans þessar:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 268.400
Vegna varanlegrar örorku	– 532.200
Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda	– 31.900

Stefnandi krafði réttargæslustefnda um bæt看 vegna slyssins skv. slysa-tryggingu launþega með bréfi, dags. 13. apríl 1993, og leitaði jafnframt eftir afstöðu félagsins til væntanlegrar bótakröfu á grundvelli ábyrgðartryggingar stefnda, Landvéla hf. Réttargæslustefndi greiddi stefnanda bæt看 fyrir varanlega örorku í samræmi við slysatryggingu launþega 28. maí 1993, að fjárhæð 45.598 kr., en hafnaði bótaskyldu að öðru leyti með bréfi, dags. 28. apríl 1993. Er tjónsútreikningurinn lá fyrir, beindi stefnandi bótakröfu sinni vegna slyssins til réttargæslustefnda sem ábyrgðartryggjanda stefnda, Landvéla hf., með bréfi, dags. 7. janúar 1994, og var þar mótmælt afstöðu tryggingafélagsins til skaðabótaskyldu á tjóni stefnanda. Réttargæslustefndi hafnaði greiðslu bóta. Stefnandi krafði þá stefnda, Landvélar hf., um skaðabæt看 með bréfi, dags. 29. mars 1994, en stefndi hafnaði bótaskyldu.

Bótakrafa stefnanda er reist á framangreindum tjónsútreikningi Jóns E. Þorlákssonar tryggingastærðfræðings. Krefst hann greiðslu vegna varanlegrar örorku, 564.100 kr., og miskabóta, að fjárhæð 300.000 kr., að frádreginni þegar greiddri slysatryggingarfjárhæð, 45.598 kr., samtals 818.502 kr. Sem fyrr segir, hélt stefnandi launum sínum vegna fjarvista frá vinnu, og krefst hann ekki greiðslu vegna tímabundinnar örorku.

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Stefnandi segir, að eftir slysið hafi hann haft mikil óþægindi vegna áverkans. Lýsi þau sér einkum í kulsækni og tilfinningadoða í fingrinum. Hann segir og, að gripfærni handarinnar hafi skerst.

Stefnandi heldur því fram, að verkið, sem hann hafi verið að vinna, þegar hann slasaðist, hafi verið unnið samkvæmt fyrirmælum verkstjóra og við flutninginn verið höfð sömu vinnubrögð og viðgengist hafi á vinnustaðnum þau tvö ár, sem hann (stefnandi) hafði unnið hjá stefnda. Styður hann bótakröfu sína því, að stefndi, Landvélar hf., beri fulla ábyrgð á tjóni sínu samkvæmt reglum skaðabótaréttar og reglum um húsbóndaábyrgð. Slysið megi

rekja til ófullnægjandi aðstæðna á vinnustað og ófullnægjandi leiðbeininga yfirboðara stefnanda eða mistaka starfsmanns stefnda, sem að verkinu vann ásamt stefnanda. Er sérstaklega á það bent af hálfu stefnanda, að yfir þröskuld var að fara, þegar færa þurfti þunga hluti úr húsi. Er í þessu sambandi vitnað til fram lagðrar umsagnar Vinnueftirlits ríkisins, dags. 9. mars 1992, en þar sé gerð krafa um, að notaður sé lyftari við flutning sem þann, er slysinu olli. Ekki hafi verið á vinnustað tiltækur nothæfur lyftari til verksins.

Stefnandi skírskotar um lagarök einkum til sakarreglunnar og reglna um húsbóndaábyrgð. Miskabótakröfu kveður hann reista á 264. gr. almennra hegningarlaga, er í gildi var, þegar slysið varð. Til stuðnings málskostnaðarkröfu vísar hann til 130. gr. laga nr. 91/1991 og til III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum vegna kröfu um vexti og vaxtavexti. Kröfu um greiðslu virðisaukaskatts á lögmannspóknun kveður hann reista á lögum nr. 50/1988. Hann sé ekki virðisaukaskattsskyldur.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Í greinargerð stefnda segir, að sýknukrafan sé á því reist, að hann beri ekki að lögum skaðabótaábyrgð á slysi stefnanda. Það megi einungis rekja til óhappatilviljunar og eigin óaðgæslu stefnanda sjálfs. Sönnunarbyrðin hvíli óskipt á stefnanda um ætlaða sök stefnda og orsakatengsl við slysið. Ósönnuð sé sök stefnda eða starfsmanna hans.

Pá segir í greinargerð stefnda, að tilflutningur dælnunnar á hjólabretti hafi verið í samræmi við venjuleg vinnubrögð í slíkum tilvikum og ekkert saknæmt verið við það að nota ekki lyftara við verkið, enda hvergi tilskilið í lögum eða reglum. Flutningur dælnunnar hafi ekki verið hættulegri en hverra annarra þunga hluta, svo sem peningaskápa, píanóa eða járnfleka, svo að eitthvað sé nefnt, sem algengt sé að „trilla“ á hjólabrettum eða færa til með handafli. Slysið hafi orðið, er stefnandi og vinnufélagi hans hafi verið að mjaka og lyfta dælunni upp á brettið. Það hafi verið svo einfalt verk, að ekki hafi þurft við sérstakra leiðbeininga yfirboðara og allra síst gagnvart stefnanda. Hann hafi verið þrítugur að aldri, vélvirki að mennt og starfsvanur. Slysið verði því fráleitt rakið til ófullnægjandi leiðbeininga yfirboðara eða ófullnægjandi aðstæðna á vinnustað. Pá bendi ekkert til þess, að samstarfsmaður stefnanda hafi gert mistök við verkið og það valdið slysinu. Slysið megi rekja til dæmigerðrar óhappatilviljunar og aðgæsluleysis stefnanda sjálfs, sem hefði getað hent hvern, sem var, hvenær sem var, við einfalt verk, sem átök þurfti við. Slysið hafi einfaldlega orðið vegna þess, að stefnandi hafi ekki varast að verða á milli. Verði hann því að bera tjón sitt sjálfur.

Verði ekki á aðalkröfu fallist, segir í greinargerð stefnda, sé varakrafan á því reist, að slysið megi að mestum hluta rekja til óhappatilviljunar og eigin aðgæsluskorts stefnanda sjálfs, auk þess sem stefnukröfur séu langt úr hófi fram. Mótmælir stefndi þeim sem röngum og allt of háum. Kröfur stefnanda um bætur fyrir vinnutekjutap og tap lífeyrisréttinda, 564.100 kr., af völdum varanlegrar örorku séu samkvæmt hinu læknisfræðilega örorkumati og líkindareikningi tryggingastærðfræðingsins. Byggt sé á þeirri forsendu, að stefnandi tapi til frambúðar sama hundraðshluta af launatekjum sínum og örorkan er metin. Þessa forsendu segja stefndu ekki í takt við raunveruleikann. Ekkert liggi fyrir um það, að nokkrar launatekjur eða lífeyrisréttindi vegna hinnar 2% læknisfræðilegu örorku hafi eða muni tapast í reynd né sé það sennilegt. Norrænar rannsóknir hafi leitt í ljós, að 20–30% læknisfræðileg örorka og þaðan af minni leiði almennt ekki til nokkurrar skerðingar á vinnutekjum fólks. Því beri að hafna því að leggja læknisfræðilegt örorkumat og líkindareikninga tryggingastærðfræðinga gagnrýnislaust til grundvallar sem fullnægjandi sönnunargögn um örorkutjón, heldur verði að meta sjálfstætt, hvort meiðsl viðkomandi einstaklings séu líkleg til að skerða aflahæfi hans eða ekki. Þegar meiðsl séu ólíkleg til að valda vinnutekjutapi, beri að hafna kröfum um örorkubætur og dæma aðeins miskabætur. Vitnar stefndi í þessu sambandi til Hrd. 1988, bls. 267.

Enn segir í greinargerð stefnda, að örorku eigi ekki að bæta, meðan hennar gætir ekki í skertum vinnutekjum, ef til bótaákvörðunar kemur. Þá beri að draga frá þann hluta bóta, sem ella gengi til opinberra gjalda, en staðgreiðsluhlutfall sé nú 41,34% samkv. gildandi skattkerfi, en bæturnar kæmu til skatts sem jaðartekjur, ef þær væru skattskyldar. Hið sama gildi um lífeyrisréttindi og örorkubætur. Virða beri og til lækkunar hagræði af eingreiðslu bótanna samkv. dómvenju.

Af hálfu stefnda er miskabótakröfu stefnanda, 300.000 kr., mótmælt sem allt of hárrí og langt umfram dómvenju. Vaxtakröfum er sérstaklega mótmælt. Bótakrafan beri samkv. dómvenju ekki dráttarvexti frá fyrri tíma en uppsögudegi endanlegs dóms.

Skýrslur fyrir dómi gáfu stefnandi, Guðmundur Einarsson, samverka- maður stefnanda við dæluflutninginn, og Þórhallur Bjarnason, verkstjóri hjá stefnda, Landvélum hf.

Um bótaábyrgð.

Upplýst er, að fyrir slysið hafði a. m. k. um nokkurt skeið tíðkast á verk- staði stefnda, að þungir hlutir, þ. á m. vökvadælur, voru fluttir til með sama hætti og gert var, þegar slysið varð, og þá m. a. yfir útidyraþröskuldinn. Hafði stefnandi unnið að slíkum flutningum. Annars var venja að nota við

slíka flutninga rafmagnslyftara, sem stefndi átti og á enn, en hann var bilaður, þegar slysið varð, og hafði oft verið bilaður þá að undanfögnu.

Ekki hafði stefnandi eða samstarfsmaður hans, Guðmundur Einarsson, nein fyrirmæli um það, hvernig staðið skyldi að flutningnum.

Í umsögn Vinnueftirlits ríkisins um slysið segir, að rekja megi orsök slýssins til þess, „hversu dælusamstæðan sé þung og því erfið í meðhöndlun af handaflí einu saman, enn fremur, að dælukassinn var með hvössum brúnum að neðan. . . er gerð sú krafa, að notuð séu tiltæk hjálpartæki, svo sem lyftari, þegar færa skuli þunga hluti sem þennan“.

Sem fyrr segir, er þröskuldur útidyranna stálkantur, rúmlega 4 cm á hæð, þver að innanverðu. Stefnandi hefur skýrt svo frá fyrir dómnum, að þurft hafi að taka nokkurt tilhlaup til að koma hjólatrillunni með dælunni á yfir þröskuldinn. Er sú frásögn trúverðug. Augljóst er, að við slík vinnubrögð eru verulegar líkur á, að þungir hlutir á hjólatrillunni geti raskast, og hafði það að sögn stefnanda gerst áður. Er mun meiri hætta á, að þetta gerist, þegar notuð er hjólatrilla en rafmagnslyftari, enda er hann á stærri og mýkri hjólum og getur farið hægari yfir þröskuldinn. Ef þungur hlutur raskast á brettinu, er aðstaða öll hægari að koma honum í samt lag með lyftara en með því að beita handaflí.

Dómari telur, að meta beri stefnda, Landvélum hf., til gáleysis að láta starfsmenn sína oft standa að verki, svo sem gert var umrætt sinn, svo og það að gera ekki gangskör að því að láta gera við rafmagnslyftara þann, sem notaður hafði verið til slíkra verka, eða útvega sér nýjan. Ber samkvæmt þessu að fella bótaábyrgð að fullu á stefnda, Landvélar hf.

— — —

Málkostnaður.

Í samræmi við úrslit máls verður stefndi, Landvélar hf., dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað. Kostnaður stefnanda vegna útreiknings örorkutjóns var 14.940 kr. Málflutningsþóknun lögmanns stefnanda, Ómars Stefánssonar hdl., þykir dómara vera hæfileg 80.000 kr. auk virðisauka-skatts.

Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Landvélar hf., greiði stefnanda, Valgeiri Sigurgeirssyni, 300.000 kr. með vöxtum jafnháum vegnu meðaltali af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, sbr. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 9.

mars 1992 til uppsögudags dóms þessa, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 94.940 kr. í málskostnað, þar af 80.000 kr. í málflutningsþóknun lögmanns stefnanda, Ómars Stefánssonar hdl., auk virðisaukaskatts á þá fjárhæð, samtals 114.540 kr. með virðisaukaskatti.
